

öll orð hins átalda ritlings og hvert einstakt þeirra dauð og ómerk, eins og líka hegning sú, sem áfrýjandinn hefur bakað sjer með útbreiðslu þessara sakargipta, virðist hæfilega metin eptir 217. og 218. gr. hegningarlaganna 4 mánaða einfalt fangelsi. Hinsvegar virðist ekki fullnæg ástæða til að sekta áfrýjandann fyrir óhæfilegan drátt á málinu, en aptur á móti fellst yfirdómurinn á ákvæði hjeraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar, og ber því að staðfesta hjeraðsdóminn með þeirri breyting, að hin ídæmda sekt falli niður. Með því að hinn stefndi ekki hefur mætt nje látið mæta fyrir yfirdómi, fellur málskostnaður fyrir þeim dómi niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ídæmda sekt falli burt. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 24/1885.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn

Inggjaldi Sigurðssyni á Lambastöðum.

Dómur:

Með merkjadómi, sem upp er kveðinn í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 6. júlí 1885, er það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða skuli vera frá hæstu þúfunni nyrst á Lambastadaholti suður í sjó eptir Lambastadaholti austanvert við svokallað Kaplaskjólshús.

Áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur kraf-
 izt þess, að dómur þessi verði dæmdur ómerkur og
 málinu heimvísað. Aptur hefur stefndi krafizt þess,
 aa dóminum skyldi óraskað, en báðir hafa þeir kraf-
 izt málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er byggður á því, að það sje
 vafalaust, að þrætulandið hafi verið yrkt og notað
 frá Lambastöðum um mjög langt árabíl, eða svo lengi
 sem elztu menn muna, átölulaust af hálfu Reykja-
 vikureiganda, allt þangað til árið 1879, en þess ber
 að gæta, að í málinu er ekkert fram komið, er slík
 fullvissa og fullyrðing geti stuðzt við, nema rjettar-
 skjöl þau, er fram voru lögð af hálfu stefnda fyrir
 merkjadóminum sem Nr. 19—25, og eru skrifleg vott-
 orð 7 manna, gefin utanrjettar, og var gildi þeirra
 af áfrýjanda málsins mótmælt fyrir merkjadóminum,
 án þess, að þau þar á eptir hafi verið staðfest fyrir
 rjetti, og leiðir þar af, að eigi er lögheimilt að byggja
 dóm á þeim, sbr. n. l. 1. b. 13. k., 6. gr., nje heldur
 getur það með þessum málavöxtum verið nægilegt
 út af fyrir sig, að merkjadómurinn hefur fuudið þessi
 úrslit málsins eðlileg sökum þess að þrætuland-
 ið liggur upp að túngarðinum á Lambastöðum, eða
 að jörð þessi sje 22,6 hundr. að dýrleika og þó út-
 landslítil.

Hinn áfrýjaða dóm ber því samkvæmt 10. og 12.
 gr. laga 17. marz 1882 að dæma ómerknan og heim-
 vísa málinu, en málskostnaður fyrir yfirdómi virðist
 eptir atvikum eigi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera og

málinu vísað heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 25/1885.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Eiríki Bjarnasyni á Eyði.

Dómur:

Með merkjadómi, sem upp er kveðinn í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. júlí 1885, er það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Eyðis skuli vera eptir beinni línu úr miðjum Reykjavíkurhólmum yfir sker austarlega við Eyðsgranda, en vestanvert við lendinguna í Grandabót, og þaðan suður yfir Eyðsgranda eptir beinni línu í nyrztu þúfu er hæst ber á Lambastaðaholti.

Áfrýjandinn, bæjarstjórn Reykjavíkur, hefur krafizt þess, að dómur þessi verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að dóminum skyldi óraskað, en báðir hafa þeir krafizt málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er byggður á því, að það sje vafalaust að þrætulandið hafi verið yrkt og notað frá Eyði um mjög langt árabíl, eða svo lengi, sem elztu menn muna, átölulaust af hálfu Reykjavíkur eiganda allt þangað til árið 1879, en þess ber að gæta, að í málinu er ekkert fram komið, er slík fullvissa og fullyrðing geti stuðst við, nema rjettarskjöl þau, er fram voru lögð af hálfu stefnda fyrir merkjadóminum sem Nr. 16—20, og sem eru skrifleg vottorð 5 manna, gefin utanrjettar, og var gildi þeirra